

## **Erindisbréf umhverfis- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar**

### **I. Stjórnskipuleg staða umhverfis- og landbúnaðarnefndar**

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar fjallar um umhverfis- og landbúnaðarmál í umboði sveitarstjórnar Borgarbyggðar eftir því sem nánar segir í erindisbréfi þessu sem gert er í samræmi við samþykkt um stjórn Borgarbyggðar. Nefndin starfar á stjórnsýslusviði.

### **II. Skipan umhverfis- og landbúnaðarnefndar**

Í umhverfis- og landbúnaðarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar, kjörnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga 138/2011 og einn áheyrendafulltrúa samkvæmt 50. grein sömulaga. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar. Formaður nefndarinnar er kjörinn af sveitarstjórn.

Formaður Umhverfis- og landbúnaðarnefndar stýrir fundum nefndarinnar. Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Fundargerð skal halda í samræmi við Samþykkt um stjórn Borgarbyggðar.

Deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála er ritari nefndarinnar.

### **III. Hlutverk og verkefni umhverfis- og landbúnaðarnefndar**

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd er falin fullnaðarafgreiðsla á ákveðnum málum er varða starfsemi vatns- og hitaveitna í eigu sveitarfélagsins sbr. Viðauka 1.4 í samþykkt um stjórn Borgarbyggðar.

Þess utan eru helstu verkefni umhverfis- og landbúnaðarnefndar:

- Að fara með málefni um loftslags-, umhverfis- og úrgangsmál samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lögum um loftlagsmál nr. 70/2012
- Að fara með náttúruverndarmál sbr. lög nr. 60/2013 og eyðingu refa og minka sbr. lög um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 60/1994
- Að fara með þær skyldur sveitarfélagsins sem koma fram í lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og lögum um búfjárhald nr. 38/2013 og málefni girðinga sbr. girðingarlög nr. 135/2001, veghald sveitarfélagsvega sbr. Vegalög nr. 80/2007
- Að fara með málefni veitna skv. ákvæðum laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.
- Að fara með verkefni sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni,
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í umhverfis- og náttúruverndarmálum og gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið á þeim sviðum.
- Að gera tillögu að loftlagsstefnu til sveitarstjórnar skv. lögum um loftlagsmál nr. 70/2012,
- Að fara með málefni úrgangsmála og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um markmið í þeim málaflokki

- Að leggja fram tillögur að merkingu gönguleiða, náttúruminja, fornminja og staða, sem hafa sögulegt gildi,
- Að hafa eftirlit með skráðum og friðlýstum fornminjum og leggja fram tillögur til aðgerða ef hættu er talin á að þær raskist eða fari forgörðum,
- Að vera umsagnaraðili um veitingu framkvæmdaleyfa,
- Að stuðla að góðri umgengni í sveitarfélaginu og hafa samstarf við félagasamtök, bændur og einstaklinga í því sambandi. Nefndin hefur umsjón með veitingu umhverfisviðurkenninga
- Að fjalla um og hafa umsjón með umhirðu opinna svæða og lóða í landi sveitarfélagsins
- Að vera tengiliður við ytri aðila og stofnanir, s.s Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Skógræktina og Landgræðsluna.
- Að vera eftirlitsaðili þeirra svæða sveitarfélagsins sem eru á náttúruminjaskrá, friðlandi fugla, skógræktar, opnum svæðum, útivistarsvæðum og göngustígum,
- Að fá til umsagnar áætlanir um framkvæmdir sem stofnað getur í hættu umhverfisþáttum og líklegt er að hafi áhrif á náttúruna,
- Að gera tillögu til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsröðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna á þeim sviðum sem undir nefndina heyra,
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið nefndarinnar
- Að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni

#### IV. Starfshættir

Um starfshætti nefnda/ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Borgarbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Kjörnir fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín og ávallt setja almannahagsmunum ofar öðrum hagsmunum. Fulltrúar skulu taka mið af þeim lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um þau mál sem koma fyrir nefndina svo og samþykkt um stjórn Borgarbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í nefndinni.

Nefndin heldur almennt fund einu sinni í mánuði. Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin ákveður fundartíma á fyrsta fundi að höfðu samráði við fundarritara.

Formaður, eða varaformaður í forföllum hans, og starfsmaður nefndarinnar annast undirbúning og sjá um að boða nefndina til fundar í samráði við sveitarstjóra. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti. Aukafundi skal halda ef formaður telur þörf á eða ef a.m.k. þrír fulltrúar óska þess. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum nefndarinnar í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn Borgarbyggðar og leiðbeiningar ráðuneytis sveitarstjórnarmála sbr. 2.mgr.19.gr. sveitarstjórnarlaga.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá. Skjalastjóri ber ábyrgð á að skráning og eftirfylgni málgagna sé í samræmi við reglur Borgarbyggðar hverju sinni.

Formaður umhverfis- og landbúnaðarnefndar stýrir fundum nefndarinnar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd skal halda fundargerð og skal starfsmaður nefndarinnar rita fundargerð. Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður nefndarinnar strax að fundi loknum til sveitarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta sveitarstjórnarfundar til kynningar.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í lok fundarins er fundargerð undirrituð rafrænt af öllum fundarmönnum. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra. Skrifstofa ráðhúss sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Borgarbyggðar. Viðkomandi starfsmenn tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í umhverfis- og landbúnaðarnefnd, um málalok.

Erindi varðandi einstaklinga þar sem lögbundinn er trúnaður skal færa til bókar í sérstaka fundargerðarbók, trúnaðarmálabók, og eru afgreiðslur nefndarinnar á þeim erindum endanlegar og ekki sendar sveitarstjórn til staðfestingar. Trúnaðarbókina skal sviðsstjóri stjórnsýslusviðs varðveita á tryggum stað.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktun nefndarinnar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir sveitarstjórnar, skal ætíð send á dagskrá byggðaráðs til umfjöllunar og sveitarstjórnar til samþykktar.

Nefndin skal árlega gera tillögur að fjárhagsáætlun um verkefni sín og senda til sveitarstjórnar. Fulltrúar í nefndinni skulu fá þóknun fyrir störf sín í nefndinni samkvæmt reglum Borgarbyggðar um þóknun til nefnda.

## **V. Réttindi og skyldur nefndarmanna**

Fjallað er um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa í VI. kafla samþykktar um stjórn Borgarbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Kjörnum fulltrúum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli því. Skal fulltrúi boða varafulltrúa sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd er aðeins starfhæf á fundum og skulu kjörnir fulltrúar einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

Hver kjörinn fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns og starfsmanns nefndarinnar a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Kjörinn fulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um annað fundarfólk á fundum nefndarinnar.

Kjörinn fulltrúi skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn Borgarbyggðar.

Um þóknun fyrir setu í umhverfis- og landbúnaðarnefnd fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur um starfskjör kjörinna fulltrúa í samþykktar um stjórn Borgarbyggðar.

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar.

## **V. Starfsfólk sveitarfélagsins**

Deildarstjóri umhverfis- og framkvæmdamála er starfsmaður nefndarinnar eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Deildarstjóri tilnefniir staðgengil sinn. Deildarstjóri og sveitarstjóri hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Deildarstjóri annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, ásamt starfsmanni nefndarinnar boða eða láta boða fundi í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá.

Formaður og aðrir fulltrúar umhverfisnefndar skulu snúa sér til starfsmanns nefndarinnar eða sveitarstjóra eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar.

Umhverfisnefnd hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

## **VI. Gildistaka**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Borgarbyggðar

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 10.05.2024.

---

Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri